

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 110/2011****2011/EES/65/17****frá 30. september 2011****um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XXI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 89/2011 frá 1. júlí 2011 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1200/2009 frá 30. nóvember 2009 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1166/2008 um kannanir á framleiðsluskipan á bújörðum og könnun á framleiðsluáðferðum í landbúnaði að því er varðar reiknistuðla búfjäreininga og skilgreiningar á einkennum ⁽²⁾.
- 3) Samkvæmt ákvæðum reglugerðar (EB) nr. 1200/2009 fellur úr gildi ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/115/EB ⁽³⁾, en sú gerð hefur verið felld inn í samninginn og ber því að fella hana úr samningnum.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Texti liðar 23a (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/115/EB) í XXI. viðauka við samninginn hljóði svo:

„**32009 R 1200**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1200/2009 frá 30. nóvember 2009 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1166/2008 um kannanir á framleiðsluskipan á bújörðum og könnun á framleiðsluáðferðum í landbúnaði að því er varðar reiknistuðla búfjäreininga og skilgreiningar á einkennum (Stjtíð. ESB L 329, 15.12.2009, bls. 1).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 1200/2009, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. október 2011, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 30. september 2011.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Kurt Jäger

formaður.

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 262, 6.10.2011, bls. 61, og EES-viðbætur við Stjtíð. ESB nr. 54, 6.10.2011, bls. 77.

⁽²⁾ Stjtíð. ESB L 329, 15.12.2009, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtíð. EB L 38, 12.2.2000, bls. 1.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.